



Afrekssjóður ÍSS

Stjórn ÍSS hefur sett upp afrekssjóð ÍSS. Í sjóðinn fara 60% afreksstyrks ÍSÍ ásamt sérmerktum styrkjum frá ISU. Fáir ÍSS aukna styrki sem sérmerktir eru afrekssjóð renna þeir óskertir í sjóðinn. Auk þess mun stjórn hafa það að markmiði að safna styrkjum til afreksmála og mun hluti af þeim verða látinn renna til sjóðsins sem og til almennrar uppbyggingar afreksmála eftir því sem tilefni gefur til.

Greiðslur úr Afrekssjóði ÍSS eru ætlaðar afreksstarfi sambandsins til handa afreksíþróttafólki sambandsins til að koma til móts beinan kostnað vegna keppnisþátttöku á erlendri grundu.

Keppendur sem náð hafa viðmiðum ÍSS í Afrekshóp eða Afreksefni geta sótt um styrk úr sjóðnum.

Umsóknarfrestur er 1. maí ár hvert og eru greiðslur greiddar út 15. maí ár hvert.

Viðmið og landslið ÍSS

Landslið ÍSS á hverjum tíma er valið úr Afrekshóp og /eða Afreksefnum fyrir hvert verkefni. Skautarar sem skilað hafa viðmiðum eru skráðir í viðeigandi hópa og bætast í hópinn jafn óðum yfir tímabilið um leið og viðmiðum er skilað inn. (Sjá Viðmið ÍSS fyrir gildandi tímabil)

Úthlutunarreglur Afrekssjóðs ÍSS og landsliðsverkefni ÍSS

Stjórn ÍSS áskilur sér allan rétt til að velja keppendur á vegum Íslands til keppnisþátttöku á mót sem eru á opinberum lista ISU.

Evrópumeistaramót

Skautarar sem ná lágmarkum til þátttöku á Evrópumeistaramóti fá 100% styrk frá ÍSS. Greitt er fyrir ferðakostnað og gistingu fyrir skautara og einn þjálfara ásamt því að dagpeningar eru greiddir til þjálfara.

Junior Grand Prix (JGP)

ÍSS stefnir árlega að því að senda skautara á úthlutuð JGP mót.

ÍSS styrkir keppendur til að standa straum af kostnaði og greiðir hlutfall af heildarkostnaði.*

- Skautarar í Afrekshóp fá 100% styrk
- Skautarar í Afreksefnum fá 60% styrk

Ferðakostnaður til Keflavíkurflugvallar og matarkostnaður greiðist af keppanda.

Búi keppandi utan Íslands fær hann sömu upphæð og ódýrasta ferð hefði kostað frá Íslandi.

ÍSS mun greiða þjálfara dagpeninga á meðan á ferð stendur.

Báðir keppendur munu greiða sömu upphæð, eða sem nemur 40% af ódýrustu ferð.

ISU mót

ÍSS velur eitt ISU mót fyrir áramót sem flokkast til landsliðsverkefnis. Það ISU mót sem verður fyrir valinu hvert keppnistímabil er styrkt að því leyti að fari fleiri en 6 skautarar á mótið mun sambandið útvega fararstjóra. Fararstjóri tekur á móti hópnum á keppnisstað (eða á flugvelli í því landi þar sem keppni á sér stað) og fylgir honum eftir til aðstoðar og kemur keppendum aftur á flugvöll þegar brottfarardagur er.

Aðildarfélag/þjálfarar geta sótt um til Afreksnefndar ÍSS um að fara á ISU mót. Afreksnefnd metur viðkomandi keppendur í samræmi við styrkleika mótsins sem sótt er um þátttöku á.

Keppendur í ISU flokkum sem ekki hafa náð Viðmiðum ÍSS geta sótt um þátttöku á ISU mótum séu laus sæti á mótinu sem keppendur í Afrekshóp eða Afreksefnum fylla ekki.

Styrkir á ISU mót**

- Keppendur í Afrekshópi ÍSS geta sótt um ferðastyrk að hámarki tvisvar sinnum á tímabili vegna ferða á ISU mót. Styrkurinn nemur kr. 50.000,- fyrir hvert mót.
- Keppendur í Afreksefnum ÍSS geta sótt um ferðastyrk að hámarki tvisvar sinnum á tímabili vegna ferðar á ISU mót. Styrkurinn nemur kr. 30.000,- fyrir hvert mót.

Norðurlandamót

ÍSS stefnir að því að senda skautara í úthlutuð sæti á Norðurlandamótum.

ÍSS styrkir keppendur til að standa straum af ferðakostnaði, gistingu, keppnisgjaldi og þjálfarakostnaði. Þjálfarakostnaður er í höndum félaga hverju sinni.

Skautasambandið útvegar fararstjóra sem tekur á móti hópnum á keppnisstað.

Styrkir á Norðurlandamót

- Keppendur í Afrekshópi ÍSS geta sótt um ferðastyrk að upphæð kr. 70.000.-
- Keppendur í Afreksefnum ÍSS geta sótt um ferðastyrk að upphæð kr.50.000.-
- Keppendur sem ekki hafa náð viðmiðum en fá kost á þátttöku hafa ekki möguleika á styrk.

Ferðastyrkur

Sé vegalengd frá heimili að Keflavíkurflugvelli lengri en 100 km er hægt að sækja um styrk, allt að tvisvar sinnum á tímabili, fyrir ferðakostnaði innanlands sem nemur kr. 5.500,-

Senior / Fullorðinsflokkur

Þeir skautarar sem keppa í Senior flokki geta sótt um sérstaka styrki til keppnisþátttöku, óháð stöðu sinni í Afrekshópum ÍSS.***

Keppendur geta sótt um ferðastyrk að hámarki tvisvar sinnum á tímabili. Styrkurinn nemur kr. 30.000,- fyrir hvert mót.

*Með heildarkostnaði er átt við samtölu af ferðakostnaði og gistingu fyrir skautara og einn þjálfara.

****RIG** mótið er alþjóðlegt mót á lista ISU og er haldið á Íslandi. Mótið er haldið á kostnað Skautasambandsins og er því utan styrkjakerfis ÍSS.

*** Ekki er hægt að sækja um nema einn styrk fyrir hvert mót.